

ATOM
Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar

ATOM er fagfjárfestastjóður í rekstri GAMMA Capital Management hf. Tilgangur sjóðsins er kaup og innheimta lána og annar skyldur rekstur.

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu. Enginn starfsmaður starfaði hjá sjóðnum en daglegur rekstur hans er í höndum rekstrarfélagsins GAMMA Capital Management hf. samkvæmt samningi þar um. Sjóðurinn er hættur að veita útlán og unnið er að greiðslu á skuldum hans. Þar sem bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina nemur neikvæðri uppsafnaðri stöðu er útlit fyrir að víkjandi skuldir sjóðsins muni ekki greiðast að fullu.

Í árslok 2019 nam neikvæð uppsöfnuð staða sjóðsins 371,0 millj. kr. en kemur hún fyrst til lækkunar á víkjandi skuldum sjóðsins áður en hún hefur áhrif á aðra skuldir hans. Heildar eignir sjóðsins í árslok námu 786,2 millj. kr.

Á tímabilinu frá lokum uppgjörsárs sjóðsins þann 31. desember 2019 og fram að undirritun ársreikningsins hefur komið upp heimsfaraldur Kórónuveiru sem ber heitið COVID 19. Ljóst er að COVID 19 hefur þegar haft víðtæk efnahagsleg áhrif. Á þessum tímabili er erfitt að meta nákvæmlega áhrif heimsfaraldursins á rekstur sjóðsins.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sjóðstjóra er ársreikningur ATOM í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og er það álit stjórnar og sjóðstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu sjóðsins í árslok 2019 og rekstrarafkomu hans og breytingu á hreinni eign á árinu 2019.

Stjórn rekstrarfélagsins GAMMA Capital Management hf. og sjóðstjóri ATOM staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. mars 2020.

Stjórn:

Andri V. Sigurðsson
Hlíf Sturludóttir

Sjóðstjóri:

Guðmundur Björnsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina fagfjárfestastjóðsins ATOM

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning fagfjárfestastjóðsins ATOM („sjóðurinn“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2019 og afkomu hans og breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga, reglur um reikningsskil rekstarfélaga verðbréfasjóða og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða.

Grundvöllur álit

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur

Viðbrögð í endurskoðuninni

Bókfært verð útlána nam 626 millj. kr. í árslok 2019, eða 80% af heildareignum félagsins. Mat og tilvist útlána telst lykilatriði við endurskoðun okkar þar sem um er að ræða stærsta lið reikningsskilanna og vegna óvissu um þróun ýmissa þátta sem stjórnendur byggja á við mat á virðisrýrnun útlána. Vísað er til skýringar 4 um reikningsskilaaðferðir og skýringar 12 um fjárhagsupplýsingar.	Endurskoðun okkar fól í sér eftirfarandi aðgerðir: - Við skoðuðum eftirlitsþætti með skráningu útlána og mátum réttmæti þeirra forsendna sem liggja til grundvallar eignfærslu útlána. - Við fórum yfir mat á virðisrýrnun og aldursgreiningu sem stjórnendur byggja matið á. - Við yfirfórum skýringar í ársreikningi með tilliti til þess að þar kæmu fram allar upplýsingar sem reikningsskilareglur kveða á um að skuli birta.
Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok. Útlán eru færð niður til að mæta áætluðum, áföllnum útlánatöpum. Virðisrýrnun er byggð á sértækri niðurfærslu lána í vanskilum og almennri afskrift. Á árinu 2019 var gjaldfærð virðisrýrnun útlána fjárhæð 291 millj. kr. og í árslok nam virðisrýrnun útlána 346 millj. kr.	

Ábyrgð stjórnar og sjóðstjóra á ársreikningnum

Stjórn og sjóðstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og sjóðstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og sjóðstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og sjóðstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Jón Arnar Óskarsson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 26. mars 2020.

KPMG ehf.

Jón Arnar Óskarsson
Reynir S. Gylfason

Rekstrarreikningur fyrir árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		210.985	188.969
Vaxtagjöld og gengismunur	(148.618)	(138.280)
Lækkun víkjandi skuldar		0	40.000
Virðisrýrnun útlána	4	(290.468)	(198.448)
Hrein fjármagnsgjöld	1-2	<u>(228.101)</u>	<u>(107.759)</u>
Rekstrargjöld			
Umsýslubóknun	3	13.036	2.502
Bóknanir		0	219
Annar rekstrarkostnaður		18.726	1.931
Rekstrargjöld samtals		<u>31.761</u>	<u>4.652</u>
Afkoma ársins		<u>(259.862)</u>	<u>(112.411)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Útlán	4	626.364	2.124.942
Lán til tengdra aðila	5	33.161	55.698
Skammtímafröfur		7.121	23
Handbært fé	6	119.567	9.923
Eignir samtals		<u>786.213</u>	<u>2.190.586</u>
Skuldir			
Skuldabréfaútgáfur	8	1.145.500	1.597.093
Lántökur		0	700.524
Skuld við GAMMA Capital Management hf.		6.277	3.618
Aðrar skuldir		5.448	501
Skuldir samtals		<u>1.157.226</u>	<u>2.301.736</u>
Hlutdeildarskírteini		1	1
Neikvæð uppsöfnuð afkoma		(371.013)	(111.151)
Samtals	9-10	<u>(371.012)</u>	<u>(111.150)</u>
Skuldir og hlutdeildarskírteini samtals		<u>786.213</u>	<u>2.190.586</u>
Neikvæð uppsöfnuð staða		(371.012)	(111.150)
Fjöldi eininga		0,8	0,8
Gengi sjóðsbréfa í árslok		0,00	0,00

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2019

	2019	2018
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma ársins	(259.862)	(112.411)
Breyting á hreinni eign	(259.862)	(112.411)
(Neikvæð uppsöfnuð staða) hrein eign í ársbyrjun	(111.150)	1.261
Neikvæð uppsöfnuð staða í árslok	<u>(371.012)</u>	<u>(111.150)</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur fagfjárfestastjóðsins ATOM er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreglu að því undanskildu að verðbréf, önnur en útlán, eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Sjóðurinn er í umsjá GAMMA Capital Management hf. sem er dótturfélag Kviku banka hf. og er hluti af samstæðuársreikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur sjóðsins er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

Fagfjárfestastjóðir eru lokaðir sjóðir og eingöngu ætlaðir fyrir fagfjárfesta.

b. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

2. Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)

Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:

	Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur	Vaxtagjöld og verðbætur	Virðisrýrnun útlána	Samtals
ATOM	210.985	(148.618)	(290.468)	(228.101)

3. Umsýslubóknun

Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu, GAMMA Capital Management hf., 1,00% árlega umsýslubóknun sem skal reiknuð af meðalstöðu heildareigna sjóðsins og skal reiknuð og greidd til rekstrarfélagsins mánaðarlega. Þrátt fyrir ofangreint skal umsýslubóknun aldrei nema lægri fjárhæð en 150 þús. kr. á mánuði.

Árangurstengd bóknun, 20%, reiknast af ávöxtun heildareigna sjóðsins (eignir án frádráttar vegna skuldbindinga, svo sem lánsfjármögnunar) umfram tiltekið viðmið. Viðmið er 1 mánaðar REIBOR vextir auk 300 punkta álags. Árangurstengd bóknun er gerð upp tvisvar á ári (30.6. og 31.12.) eða hlutfallslega við innlausn. Fyrsta greiðsla árangurstengdrar bóknunar miðast við ávöxtun heildareigna sjóðsins frá stofnun sjóðsins til 31.12.2017 og síðan tvisvar á ári eftir það. Reikna skal sérstakt innra ávöxtunargengi sem endurspeglar skal innri ávöxtun heildareigna sjóðsins.

4. Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölu sem tók gildi í byrjun janúar 2020.

Virðisrýrnun útlána

Útlán eru færð niður til að mæta áætluðum, áföllnum útlánatöpum. Virðisrýrnun er byggð á sértækri niðurfærslu lána í vanskilum og almennt í afskrift. Á árinu 2019 var gjaldfærð virðisrýrnun útlána fjárhæð 290,5 millj. kr. og í árslok nam virðisrýrnun útlána 346,3 millj. kr.

5. Lán til tengdra aðila

Lán til tengdra aðila, fagfjárfestastjóðsins Framtíðin og Aur app, eru færð á kostnaðarverði.

6. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankareikningum hjá innlánsstofnunum.

7. Skattamál

Fagfjárfestastjóðir eru ekki sjálfstæðir skattaðilar og greiða ekki tekjuskatt. Hagnaður eða tap af rekstri þeirra er skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af skírteinum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

8. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn hefur gefið út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði í árslok 2019 að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum. Hluti af útgefnum skuldabréfum eru víkjandi og kemur neikvæð uppsöfnuð staða fyrst til lækkunar á víkjandi skuldabréfum. Útgefin skuldabréf greinast þannig:

	2019	2018
Útgefin skuldabréf	670.141	1.169.325
Útgefin víkjandi skuldabréf	475.359	427.769
Útgefin skuldabréf samtals	<u>1.145.500</u>	<u>1.597.093</u>

9. Hlutdeildarskírteini - raunávöxtun

Raunávöxtun ATOM greinist þannig:

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
ATOM	-	-	-

10. Hlutdeildarskírteini - bókfært verðmæti og gengi

Hér að neðan er yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina í árslok 2019, að teknu tilliti til neikvæðrar uppsafnaðrar afkomu, með samanburðartölum við árslok 2018 og 2017.

	Bókfært verð			Gengi		
	2019	2018	2017	2019	2018	2017
ATOM	(371.012)	(111.150)	1.261	0,00	0,00	1.575,82

11. Hlutfallsleg skipting á eignasafni sjóðs

Að neðan er yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna sjóðsins. Fagfjárfestingsjóðir eru ekki með fjárfestingastefnu sem ræður eignasamsetningu þeirra og engar hömlur eru settar í lögum um fjárfestingar. Þar af leiðandi er ekki birt fjárfestingastefna.

	Eign 2019 %	Eign 2018 %	Breyting %
Útlán	79,7%	97,0%	(17,3%)
Lán til dótturfélags	4,2%	2,5%	1,7%
Handbært fé	15,2%	0,5%	14,8%
Aðrar eignir	0,9%	0,0%	0,0%

12. Útlán - staða í árslok

	2019	2018
Stærð útlánasafns	972.695	2.302.142
Niðurfærsla lána	(346.330)	(177.200)
Staða útlána	<u>626.364</u>	<u>2.124.942</u>

Greining á afskriftareikningi:

Staða afskriftareiknings í ársbyrjun	177.200	2.779
Breyting á niðurfærslu á árinu	290.468	198.448
Endanlega afskrifað á árinu	(121.338)	(24.027)
Staða afskriftareiknings í árslok	<u>346.330</u>	<u>177.200</u>

Greining á afskriftareikningi eftir vanskilum:

Almenn niðurfærsla	17.842	20.449
Vanskil (30 - 90 dagar)	3.626	14.722
Vanskil (90 - 180 dagar)	28.889	57.051
Vanskil (180+ dagar)	295.973	84.978
Staða afskriftareiknings í árslok	<u>346.330</u>	<u>177.200</u>

Undirritunarsíða

Guðmundur Björnsson

Hlíf Sturludóttir

Andri Vilhjálmur Sigurðsson

Reynir Stefán Gylfason

Jón Arnar Óskarsson